

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1953.

Forsetabréf um heiðurspening til minningar um herra Svein Björnsson, forseta, undirskrifað af forsetanum 26. febrúar 1953, nr. 39.

Auglýsing um vöruskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 14. marz 1953, nr. 40.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1953, nr. 41.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1953, undirskrifað af forsetanum 4. maí 1953, nr. 42.

Bráðabirgðalög um breyting á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 27. maí 1953, nr. 43.

Auglýsing um samkomulag varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfslíðs þess, undirskrifuð af utanríkisráðherra 30. júní 1953, nr. 44.

Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um nýja radiótiðnalista, undirskrifuð af utanríkisráðherra 30. júní 1953, nr. 45.

Auglýsing um aðalbækistöðvar Atlantshafsbandalagsins, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 46.

Tilskipun um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, undirskrifuð af forsetanum 7. júlí 1953, nr. 47.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Bæjarútgerð Sigluðar og h.f. Bjólf á Seyðisfirði, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1953, nr. 48.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjesild og skozkverkaðri sild, undirskrifuð af forsetanum 20. júlí 1953, nr. 49.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald, undirskrifuð af forsetanum 5. ágúst 1953, nr. 50.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Sovétríkjanna, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. september 1953, nr. 51.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 52.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Ungverjalands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 53.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 54.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Ítalíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 55.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, 139 um flutning þingstaðar. ^{24/s '52}

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 18. þ. m., og ósk hreppsnefndar Mosvallahrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Þórustöðum að Holti í Önundarfirði, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verið til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.